RÍKISENDURSKOÐUN

# Orkusjóður

## Ársreikningur 2018

Orkusjóður
Rangárvöllum 2, hús 8
603 Akureyri
Kt. 500269-5029

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnenda | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Orkusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Á árinu 2018 varð tæplega 2,5 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir hans 152,0 m.kr., skuldir 49,6 m.kr. og eigið fé nam rúmum 102,4 m.kr. í árslok 2018.

Ráðgjafanefnd Orkusjóðs og framkvæmdastjóri Orkusjóðs staðfesta hér með ársreikning Orkusjóðs fyrir árið 2018 með undirritun sinni, með fyrirvara skv. ofan.

Akureyri, 05.09. 2019

**Ráðgjafanefnd Orkusjóðs**

Haraldur Benediktsson,
formaður.

Franz Árnason

Halla Hrund Logadóttir

Jakob Björnsson,
framkvæmdastjóri.

# Áritun ríkisendurskoðanda

Til Ráðgjafanefndar Orkusjóðs og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis

***Álit***

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Orkusjóðs fyrir árið 2018 var framkvæmd samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðgerðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru settar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Orkusjóðs 31. desember 2018, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

***Grundvöllur fyrir áliti***

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst hér síðar. Ríkisendurskoðandi er óháður Orkusjóði og hefur unnið í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjólðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

***Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum.***

Stjórn og framk væmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

***Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins***

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissa er mikið öryggi en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í sazmræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun ríkisendurskoðanda, frh.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyriri opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæmda endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanlegar og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleglgja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Meta hvort reikningsskiilaaðgferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, meta framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsti stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikiilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina.

Ríkisendurskoðun, 5/9 2019.

Óskar Sverrisson
endurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur, lánastofnanir | | 3.228.717 | 3.723.349 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | | 1.150.695 | 1.141.379 |
| | | 4.379.412 | 4.864.728 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | | 32.500.000 | 31.800.000 |
| | | 32.500.000 | 31.800.000 |
| **Tekjur samtals** | | 36.879.412 | 36.664.728 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Styrkveitingar | 3 | 20.636.000 | 19.120.955 |
| Rekstrarkostnaður | 4 | 13.762.569 | 13.660.417 |
| | | 34.398.569 | 32.781.372 |
| **Hagnaður ársins** | | 2.480.843 | 3.883.356 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Innstæður í lánastofnunum | | 140.279.655 | 131.824.716 |
| Viðskiptakröfur | | 19.020 | 0 |
| | | 140.298.675 | 131.824.716 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 11.657.074 | 13.027.442 |
| | 1 | 11.657.074 | 13.027.442 |
| **Eignir alls** | | 151.955.749 | 144.852.158 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| Eigið fé | 2 | 102.398.901 | 99.918.058 |
| | | 102.398.901 | 99.918.058 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddir styrkir | | 49.399.827 | 43.988.831 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 157.021 | 945.269 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 49.556.848 | 44.934.100 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 151.955.749 | 144.852.158 |

# Sjóðstreymi árið 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | | 2.480.843 | 3.883.356 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Verðbætur | | (219.632) | ( 173.840 ) |
| Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum | | 4.603.728 | ( 296.726 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 6.864.939 | 3.412.790 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Útlán, breyting | | 1.590.000 | 1.590.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 1.590.000 | 1.590.000 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 8.454.939 | 5.002.790 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 131.824.716 | 126.821.926 |
| **Handbært fé í árslok** | | 140.279.655 | 131.824.716 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Orkusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Innstæður í lánastofnunum

Innstæður í lánastofnunum eru óbundin innstæða í Landsbankanum hf.

### Útlán til viðskiptamanna

Útlán eru færð á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum sem miðast við vísitölu í janúar 2019.

### Bókhald og fjársýsla

Orkustofnun hefur umsjón með bókhaldi og uppgjöri Orkusjóðs.

### Framlög ríkissjóðs

Samkvæmt fjárlögum námu framlög ríkissjóðs 32,5 m.kr. á árinu 2018.

## Sundurliðanir

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| **1. Útlán** | | |
| Almenn útlán | 11.657.074 | 13.027.442 |
| | 11.657.074 | 13.027.442 |

# Skýringar

## 2. Eigið fé

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun | 99.918.058 | 96.034.702 |
| Hagnaður ársins | 2.480.843 | 3.883.356 |
| Eigið fé í árslok | 102.398.901 | 99.918.058 |

## 3. Styrkveitingar

| | | |
|---|---|---|
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 5.000.000 | 0 |
| Snæfellsbær | 3.725.000 | 0 |
| Ísafjarðarbær | 1.411.000 | 0 |
| Fljótsdalshérað | 5.000.000 | 0 |
| Langanesbyggð | 5.000.000 | 0 |
| Skaftárhreppur | 500.000 | 0 |
| Vistorka | 0 | 1.100.000 |
| Neyðarlínan | 0 | 2.500.000 |
| Ísl. Gámafélagið ehf | 0 | 4.587.500 |
| Orkey ehf | 0 | 5.000.000 |
| CRI ehf | 0 | 5.000.000 |
| Ferðafélagið Útivist | 0 | 1.000.000 |
| Skaftárhreppur | 0 | ( 66.545 ) |
| **Samtals veittir styrkir á árinu** | 20.636.000 | 19.120.955 |

## 4. Rekstrarkostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Umsýsla skv. samningi við Orkustofnun | 8.946.000 | 8.107.636 |
| Launakostnaður Ráðgjafanefndar | 3.647.391 | 3.685.128 |
| Ferða- og fundakostnaður | 205.955 | 429.118 |
| Endurskoðun, ársuppgjör | 535.000 | 304.400 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 48.000 | 11.718 |
| Auglýsingar | 251.380 | 1.109.300 |
| Ýmis kostnaður | 128.843 | 13.117 |
| | 13.762.569 | 13.660.417 |